Ár 1973, mánudaginn 29. október, var í málinu nr. 47/1973 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

**Ú r s k u r ð u r :**

Málavextir eru þeir, að Félag ísl. leikara á eignarhluta í fasteigninni nr. 11 A við Bergstaðastræti í Reykjavík. Reykjavíkurborg hefur lagt fasteignaskatt á fasteign þessa, og af því tilefni fór félagið fram á það við borgaryfirvöld, að fasteignaskattur af eignarhluta þess yrði felldur niður, þar sem um félagsheimili væri að ræða í skilningi 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, sem geyma ákvæði um undanþágur frá fasteignaskatti. Þessum tilmælum var hafnað af hálfu Reykjavíkurborgar í bréfi, dags. 25. apríl 1973.

Félag ísl. leikara hefur skotið ofangreindu máli til úrskurðar Yfirfasteignamatsnefndar með bréfi, dags. 5. september s.l., þar sem ítrekað er það sjónarmið félagsins, að umrætt húsnæði sé undanþegið fasteignaskatti samkvæmt 5. gr. laga nr. 8/1972. Er því til stuðnings bent á, að félagið sé hreint stéttar- og verkalýðsfélag og umrætt húsnæði eingöngu notað til fundahalda og annarrar félagsstarfsemi. Sé því um félagsheimili að ræða í skilningi nefndra undanþáguákvæða.

Ákvæði 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga og 6. gr. reglug. nr. 320/1972 um fasteignaskatt eru undantekningarákvæði, sem skýra verður þröngt. Til félagsheimila í skilningi nefndra ákvæða verða þannig aðeins talin samkomuhús, er hafa verið reist og hlotið viðurkenningu með þeim hætti, sem ráð er fyrir gert í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 107/1970 um félagsheimili, sbr. áður 2. og 3. gr. laga nr. 77/1947 ásamt síðari breytingum. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, fullnægir umrædd húseign ekki þessu skilyrði, og brestur því lagaheimild fyrir undanþágu frá fasteignaskatti.

**Ú R S K U R Ð A R O R Ð :**

Félagi ísl. leikara er skylt að svara fasteignaskatti af fasteigninni nr. 11 A við Bergstaðastræti í Reykjavík.

Gaukur Jörundsson

Torfi Ásgeirsson

Pálmi Jónsson

Rétt afrit staðfest.
Reykjavík, 29. október 1973.
YFIRFASTEIGNAMATSNEFND